

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1429  
komudagur 20. 3. 2009



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið  
B.t. efnahags- og skattanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg  
Borgartúni 21, 2. hæð  
IS-105 Reykjavík  
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 20.03.2009  
Tilv. 2005/0037 - 2.0  
GT

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 194. mál, þál.till. um skyldu lánastofnana til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki og/eða rekstrareiningar (136. löggj.þ.)**

### **Heildarmat og tillaga**

Að teknu tilliti til neðangreinds tel ég þingsályktunartillögu (þál.till.) þessa geta orðið til hagsbóta fyrir neytendur eins og rakið skal í umsögn hér að neðan.

Legg ég vinsamlegast til að þál.till. verði samþykkt af Alþingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma hér á eftir.

### **Tilfni**

Vísað er til tölvuskeytis yðar, dags. 17. mars sl., um ofangreint þingmál.

### **Almennt um þingsályktunartillöguna**

Þó að málið varði hagsmuni neytenda aðeins óbeint vil ég aðeins gera eina athugasemd sem lýtur að þeirri tilhneigingu - sem virðist færast í vöxt - að gefa út tilmæli í stað bindandi reglna eða ákvarðana. Tel ég fara betur á því að ráðherrar, sem fara oft með reglugerðarvald, ríkisstjórn, sem hefur frumkvæðisvald að löggjöf, svo og stofnanir, sem fara iðulega með valdheimildir samkvæmt lögum, hlutist til um að sett verði lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða beiti fyrirbyggjandi valdheimildum í stað þess að senda frá sér tilmæli. Að mínu mati getur það valdið misskilningi ef sömu aðilar senda frá sér bindandi reglur og ákvarðanir annars vegar og tilmæli sem ekki eru


#### **talsmaður neytenda**

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitssgerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

bindandi hins vegar.

Að þessu sögðu tel ég - með þeim röksemdum sem fram koma í greinargerð með þál.till. - sjálfsagt að sett verði lög um það efni sem þál.till. lýtur að, þ.e. að lánastofnunum í meirihlutaeigu ríkisins verði jafnan skylt að leita tilboða við sölu á fyrirtækjum sem lánastofnunin innleysir að hluta eða í heild, svo og við sölu á einstökum rekstrareiningum viðkomandi rekstraraðila, svo og að jafnan skuli tekið hæsta tilboði enda séu viðunandi tryggingar lagðar fram fyrir greiðslu kaupverðs.

Virðingarfyllt,  
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.